

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 309/2024****2025/EES/25/58****frá 6. desember 2024****um breytingu á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 9. gr. EES-samningsins er vísað til bókunar 4 við hann („bókun 4“) þar sem mælt er fyrir um upprunareglur.
- 2) Svæðisbundni samningurinn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslánda sem veita fríðindi<sup>(1)</sup> (hér á eftir nefndur „svæðisbundni samningurinn“) miðar að því að færa fyrirbyggjandi tvíhliða kerfi yfir upprunareglur, sem sett er fram í tvíhliða fríverslunarsamningum sem samningsaðilar að svæðisbundna samningnum hafa gert með sér, yfir í marghliða ramma, með fyrirvara um þær meginreglur sem mælt er fyrir um í þessum tvíhliða samningum.
- 3) Sambandið, Furstadæmið Liechtenstein („Liechtenstein“) og Konungsríkið Noregur („Noregur“) undirrituðu svæðisbundna samninginn þann 15. júní 2011 og Ísland undirritaði svæðisbundna samninginn þann 30. júní 2011.
- 4) Noregur, Liechtenstein, Ísland og Sambandið afhentu hvert um sig vörsluáðila svæðisbundna samningsins skjöl sín um staðfestingu 9. nóvember 2011, 28. nóvember 2011, 12. mars 2012 og 26. mars 2012, eftir því sem við á. Þar af leiðandi, og í samræmi við 3. mgr. 10. gr. svæðisbundna samningsins, öðlaðist svæðisbundni samningurinn gildi að því er varðar Liechtenstein og Noreg 1. janúar 2012 og að því er varðar Ísland og Sambandið 1. maí 2012.
- 5) Í ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95<sup>(2)</sup> er mælt fyrir um reglur um beitingu bókunar 4 við EES-samninginn að því er varðar Liechtenstein.
- 6) Svæðisbundna samningnum var breytt með ákvörðun sameiginlegrar nefndar svæðisbundna samningsins um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslánda nr. 1/2023 frá 7. desember 2023<sup>(3)</sup> („breyting svæðisbundna samningsins“). Breytingin á svæðisbundna samningnum tekur gildi 1. janúar 2025 gagnvart öllum samningsaðilum.
- 7) Í 6. gr. svæðisbundna samningsins er kveðið á um að sérhver samningsaðili skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að svæðisbundna samningnum sé beitt á skilvirkan hátt.
- 8) Því ætti ný bókun að koma í stað bókunar 4 sem inniheldur virka vísun til svæðisbundna samningsins þannig að alltaf sé vísað til nýjustu gildandi útgáfu hans.
- 9) Auk þess að innihalda virka vísun til svæðisbundna samningsins, ætti að viðhalda ákvæðum bókunar 4 í nýju bókuninni sem eiga sérstaklega við EES, svo sem uppruna á Evrópska efnahagssvæðinu, einnig ætti að viðhalda sameiginlegu yfirlýsingunum sem ættu að haldast óbreyttar.
- 10) Því ber að breyta bókun 4 við EES-samninginn svo aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2025,

(1) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2013, bls. 4.

(2) Ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 frá 10. mars um gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein (Stjtið. EB L 86, 20.4.1995, bls. 58).

(3) Ákvörðun sameiginlegrar nefndar svæðisbundna samningsins um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslánda nr. 1/2023 frá 7. desember 2023 um breytingu á svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslánda (Stjtið. ESB L, 2024/390, 19.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/390/oj>).

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 1. til 39. gr., viðaukanna við bókun 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samninginn“) og sameiginlegra yfirlýsinga varðandi bókun 4 við EES-samninginn kemur textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Að því er beitingu þessarar ákvörðunar varðar er heimilt að gefa sannanir á uppruna út eftir á vegna útflutnings sem fram fer milli 1. janúar 2025 og gildistökudags þessarar ákvörðunar.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þegar allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2025.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Anders H. Eide***

formaður

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**VIÐAUKI****við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2024****„BÓKUN 4****UM UPPRUNAREGLUR***1. gr.***Upprunareglur**

1. Við framkvæmd EES-samningsins gilda I. viðbætur og viðeigandi ákvæði II. viðbætur við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslöndna sem veita fríðindi (!) (hér á eftir nefndur „svæðisbundni samningurinn“), eins og honum var síðast breytt og hann birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, hann er hér með felldur inn í EES-samninginn og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Túlka skal allar vísanir til „viðeigandi samnings“ í I. viðbæti og í viðeigandi ákvæðum II. viðbætur við svæðisbundna samninginn sem vísanir til EES-samningsins.

*2. gr.***Sértæk ákvæði um Evrópska efnahagssvæðið**

1. Eftirtaldar framleiðsluvörur skulu, við framkvæmd EES-samnings, teljast upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu:
  - a) framleiðsluvörur sem eru fengnar að öllu leyti á Evrópska efnahagssvæðinu,
  - b) framleiðsluvörur fengnar á Evrópska efnahagssvæðinu, sem í eru notuð efni sem eru ekki að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu á Evrópska efnahagssvæðinu.Að því er varðar uppruna á Evrópska efnahagssvæðinu skal líta á yferráðsvæði samningsaðila að EES-samningnum sem samningurinn á við um sem eitt yferráðsvæði.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal yferráðsvæði Furstadæmisins Liechtenstein ekki heyra undir Evrópska efnahagssvæðið að því er varðar ákvörðun um uppruna framleiðsluvara sem um getur í töflu I og II við bókun 3 og slíkar vörur skulu því aðeins teljast upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu að þær séu fengnar að öllu leyti eða hafi hlotið nægilega aðvinnslu á yferráðsvæðum samningsaðila (?).
3. Þrátt fyrir skilgreininguna á „yferráðsvæði“ í I. viðbæti við svæðisbundna samninginn, skal „yferráðsvæði“ taka til yferráðsvæðis á landi, innsævi og landhelgi samningsaðila að EES-samningnum sem EES-samningurinn gildir um.
4. Að því er varðar framkvæmd EES-samningsins nær hugtakið „Evrópska efnahagssvæðið“ ekki til Ceuta og Melilla. Að því er varðar beitingu bókunar 49 við EES-samninginn varðandi framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Ceuta og Melilla skulu ákvæði þessarar bókunar gilda að breyttu breytanda með fyrirvara um sérstöku skilyrðin sem fram koma í V. viðauka við svæðisbundna samninginn.

*3. gr.***Viðbótarákvæði um uppsöfnun**

1. Samningsaðilarnir geta kosið að vikka út beitingu 3. mgr. 7. gr. svæðisbundna samningsins um innflutning framleiðsluvara sem falla innan 50. til 63. kafla.
2. Samningsaðilarnir að EES-samningnum samþykkja að veita undanþágu frá þeirri skyldu að setja yfirlýsinguna, sem um getur í 3. mgr. 8. gr. svæðisbundna samningsins „CUMULATION APPLIED WITH (heiti lands/landa, á ensku)“ í sönnun á uppruna.

(!) Stjótíð. ESB L 54, 26.2.2013, bls. 4.

(?) Stjótíð. EB L 86, 20.4.1995, bls. 58 og EES-viðbætur nr. 14, 20.4.1995, bls. 1.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING**

**varðandi samþykktu sönnun á uppruna sem gefin er út innan ramma samninganna sem um getur í 7. gr. svæðisbundna samningsins fyrir vörur sem eru upprunnar í Evrópusambandinu, á Íslandi eða í Noregi**

1. Sannanir á uppruna sem gefnar eru út innan ramma samninganna sem um getur í 7. gr. I. viðbætur við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönda fyrir vörur upprunnar í Evrópusambandinu, á Íslandi eða í Noregi skulu samþykktar í þeim tilgangi að veita ívilnandi tollmeðferð sem kveðið er á um í EES-samningnum.
2. Slíkar vörur skulu teljast efni upprunnin á EES-svæðinu þegar þær eru felldar inn í vöru sem fengin er þar. Slík efni þurfa ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu.
3. Að því marki sem slíkar vörur falla undir EES-samninginn skulu þær enn fremur teljast upprunnar á EES-svæðinu þegar þær eru endurútfuttar til annars samningsaðila að EES-samningnum.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING**

**varðandi Furstadæmið Andorra**

1. Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu samþykkja að framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í Furstadæminu Andorra og falla undir 25.-97. kafla í samræmdu tollskránni, séu upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi þessa samnings.
2. Bókun 4 gildir, að breyttu breytanda, við skilgreiningu á uppruna framangreindra framleiðsluvara.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING**

**varðandi Lýðveldið San Marínó**

1. Ísland, Liechtenstein og Noregur skulu samþykkja að framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í Lýðveldinu San Marínó, séu upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi þessa samnings.
2. Bókun 4 gildir, að breyttu breytanda, við skilgreiningu á uppruna framangreindra framleiðsluvara.

**SAMEIGINLEG YFIRLÝSING**

**varðandi afturköllun aðildar samningsaðila frá svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönda**

1. Afhendi samningsaðili að EES-samningnum vörsluáðila svæðisbundna samningnum um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönda skriflega tilkynningu um þá átlán sína að falla frá svæðisbundna samningnum skv. 9. gr. hans, skal samningsaðili sem fellur frá samningnum þegar í stað hefja samningaviðræður um upprunareglur vegna framkvæmdar þessa samnings.
2. Þar til slíkar nýjar upprunareglur, sem samið hefur verið um, öðlast gildi skulu upprunareglurnar, sem er að finna í I. viðbæti og, ef við á, viðeigandi ákvæðum II. viðbætur við svæðisbundna samninginn um sameiginlegar upprunareglur Evrópu og Miðjarðarhafslönda, sem eru í gildi á þeirri stundu þegar fallið er frá samningi, skulu gilda að breyttu breytanda milli samningsaðilans sem fellur frá samningnum og annarra samningsaðila að EES-samningnum. Frá þeirri stundu þegar fallið er frá samningi skulu upprunareglurnar, sem er að finna í I. viðbæti og, ef við á, viðeigandi ákvæðum II. viðbætur við svæðisbundna samninginn, þó túlkaðar á þann veg að þær heimili aðeins tvíhliða uppsöfnun milli samningsaðilans sem fellur frá samningnum og annarra samningsaðila að EES-samningnum.